

Ísafjarðarbær  
Helga Þuríður Magnúsdóttir  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 20. febrúar 2023  
UST202301-447/B.S.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 – Stækkun Mjólkárvirkjunar. Umsögn**

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagslýsingu.

Hér er um mjög metnaðarfullar hugmyndir að ræða og jákvæðar að flestu leyti.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguðum framkvæmdum mun fylgja lagning nýrra strengja og mögulega þarf að koma fyrir nýjum pípum. Vegna aðstæðna á svæðinu ætti að leggja áherslu á að hafa þessar lagnir á yfirborði þannig að um afturkræfar aðgerðir verði að ræða. Nú liggja aðrennslispípur á yfirborði að Mjólkárvirkjun og þótt hér sé um viss neikvæð sjónræn áhrif að ræða eru þau áhrif hverfandi miðað við rask sem fylgja mundi aðgerðum til að koma þessum lögnum í jörð. Nú þegar er búið að fara nokkuð víða til vatnsöflunar fyrir Mjólkárvirkjun og telur Umhverfisstofnun jákvætt að nýta betur vatn á svæðum sem þegar eru nýtt í stað þess að sækja inn á ný svæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*